



Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Lindargötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík, 8. október 2020

Efni: Umsögn vegna áforma um frumvarp til laga um stafrænt pósthólf

Ég hef, f.h. Lögheimtunnar ehf., kynnt mér áform ráðuneytisins um frumvarp til laga um stafrænt pósthólf, sem upplýst var um á samráðsgáttinni 24. september sl.

Ekki er ástæða til annars en að fagna þeim fyrirætlunum stjórnvalda að breyta aðferð við miðlun gagna til einstaklinga og lögaðila, með það að markmiði að ná fram einföldun, auknu hagræði og tímasparnaði fyrir samfélagið í heild, eins og komist er að orði í umfjöllun um málið í samráðsgáttinni. Þá er sömuleiðis tekið undir að hinar fyrirhuguðu breytingar eru vel til þess fallnar að ná fram þessu yfirlýsta markmiði.

Að því virtu tel ég ástæða til að vekja athygli á að hið opinbera hefur tekið að sér að hafa milligöngu um ýmsa miðlun gagna milli aðila vegna málsmeðferðar á grundvelli réttarfarslaga. Vísa ég þar til ákvæða laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 um stefnuvotta, aðallega gr. 81-87. Þar er fjallað um birtingu stefnu í einkamálum, en sömu eða svipaðar reglur eiga við um birtingu ákæru eða fyrirkalls í opinberum málum, boðanir sem dómstólar senda beint til málsaðila þar sem það á við, sýslumönnum vegna málsmeðferðar hjá þeim og birtingu greiðsluáskorunar skv. lögum um aðför nr. 90/1989 og lögum um nauðungarsölu nr. 90/1991.

Til að annast þær birtingar sem að ofan greinir skipar sýslumaður stefnuvotta, a.m.k. einn í hverju sveitarfélagi, til að birta stefnur, kvaðningar og aðrar tilkynningar. Tilgangurinn með þessu fyrirkomulagi er eflaust sú skiljanlega afstaða ríkisvaldsins að þessum tilteknu gögnum sé með öruggum hætti komið til skila, hver sem er eiginlegur sendandi. Hins vegar gæti notkun stafrænt öruggs pósthólfs verið betur til þess fallin að ná því markmiði en núverandi fyrirkomulag.

Í ljósi þessarar aðkomu hins opinbera tel ég ástæðu til að taka til skoðunar hvort þessi miðlun eigi ekki með sama hætti og önnur gögn frá ríkinu erindi í fyrirhugað pósthólf. Að mínu mati myndi það ekki eingöngu hafa í för með sér mikið hagræði, eins og er lagt upp með pósthólfinu, heldur yrðu hagsmunir móttakandans betur tryggðir með þessu móti en ríkjandi fyrirkomulagi. Þá afstöðu byggji ég fyrst og fremst á því að í lögum um meðferð einkamála er beinlínis gert ráð fyrir að ekki takist birting fyrir móttakandanum sjálfum. Í þeim tilvikum er heimilt að birta fyrir öðrum, til að mynda vinnuveitanda eða samstarfsmanni, eða jafnvel hverjum þeim sem hittist fyrir á lögheimili viðtakandans, hvort sem milli þeirra eru nokkur tengsl eða ekki. Því er engin trygging fyrir því að gögnin raunverulega komist í réttar hendur.



Ég fæ ekki betur séð en miðlun í stafrænt pósthólf sé mikið mun öruggari birtingarmáti en núverandi fyrirkomulag. Hér væri því tækifæri til að ná fram gífurlegri hagræðingu og auknu réttaröryggi, samfélaginu öllu til hagsbóta.

Til viðbótar við framangreint vil ég sömuleiðis vekja athygli á að með notkun pósthólfsins við þessa miðlun tækist einnig að treysta önnur grundvallarréttindi móttakandans. Þar má til að mynda nefna rétt hans til friðhelgi einkalífs og persónuverndar, sem af honum leiðir. Núverandi fyrirkomulag gerir ráð fyrir að þriðji aðili, sem ýmist er tengdur móttakandanum eða ekki, hafi milligöngu um miðlun gagna til hans. Almennt verður að gera ráð fyrir að vilji fólks standi síður til þess að upplýsingar um þeirra einkamálefni séu á vitorði fleiri en nauðsyn krefur. Yrði pósthólfíð notað væri engin þörf á því. Ég tel raunar að jákvæðar afleiðingar yrðu enn meiri, en til að mynda væri komist hjá því áreiti sem heimsóknir stefnuvotta óhjákvæmilega hafa í för með sér. Í því skyni bendi ég á að stefnubirting skal fara fram á virkum degi, milli átta um morgun og tíu um kvöld. Þá hef ég ekki minnst á jákvæð umhverfisáhrif, sem eru hverjum manni ljós.

Að ofangreindu virtu vil ég gera þá tillögu að ráðuneytið taki til skoðunar hvort efni séu til að útvíkka fyrirhugaða notkun pósthólfsins svo það nái ekki einungis til þeirra gagna sem hið opinbera miðlar í eigin starfsemi heldur einnig þeirra sem það hefur milligöngu um að miðla fyrir aðra.

Virðingarfyllst,

f.h. Lögheimtunnar ehf.

Þorsteinn Júlíus Árnason, lögmaður